
Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Berufirði, Múlþingi Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 8. janúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fiskeldi Austfjarða hf. um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Berufirði, Múlþingi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlþings, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning Fiskeldis Austfjarða hf. vegna fyrirhugaðra breytinga á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar í Berufirði, Múlþingi. Fyrirspurn um matsskyldu. Fiskeldi Austfjarða hf., nóvember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Múlþingi dags. 11. febrúar 2021.
- Fiskistofu dags. 25. janúar 2021.
- Hafrannsóknastofnun dags. 25. janúar 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 27. janúar 2021.
- Matvælastofnun dags. 25. janúar 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 25. janúar 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. janúar og 25. mars 2021.
- Vegagerðinni dags. 27. janúar 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 21. janúar 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 8. og 16. febrúar, 25. og 31. mars og 20. apríl 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum en þann 14. júní 2018 birti Skipulagsstofnun álit um mat á umhverfisáhrifum vegna eldis á allt að 20.800 tonnum af laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Núverandi fyrirkomulag eldis gerir ráð fyrir 9.800 tonna eldi á tveimur sjókvíaeldissvæðum með fimm eldissvæðum í Berufirði, þ.e. Glímeyri, Svarthamarsvík, Svarthömrum, Hamraborg I og Hamraborg II. Þá gerir núverandi fyrirkomulag ráð fyrir að tvær kynslóðir eldisfiska sé í eldi hverju sinni og að fjórðurinn sé hvíldur að lágmarki í 9 mánuði á milli kynslóða.



Framkvæmd

Sú breyting sem nú er áformuð á eldinu felst í breytingu á staðsetningu og fjölda eldissvæða, þannig að eftir breytingar verði fjögur aðskilin eldissvæði í firðinum. Eldissvæðið Hamraborg II verður aflagt og nýju eldissvæði komið fyrir í Gautavík. Sjókvíaeldissvæði A sem nær nú yfir þrjú samtengd eldissvæði (Glímeysi, Svarthamra og Svarthamarsvík) stækkar og skiptist með breytingunni í tvö svæði, Glímeysi og Svarthamarsvík, sem skilin verða að með 100 metra bili. Eldissvæðið Hamraborg I er óbreytt. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að heildarflatarmál eldissvæða rekstraraðila í Berufirði muni aukast úr 6,4 km² í 6,8 km².

Einnig er um að ræða breytingu á útsetningaráætlun eldisins þar sem hún er aðlöguð að breyttum eldissvæðum. Sett verða út stærri seiði og fjöldi útsettra seiða í hverri kynslóð minnkar úr 4 milljónum seiða í 1,6 til 2,5 milljónir seiða. Fóðurnotkun verður minni eftir breytingu, að hámarki 14.549 tonn á ári. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að hvíldartími verði áfram almennt 9-12 mánuðir í uppfærðri eldisáætlun en gert er ráð fyrir að hann geti verið styttri, að lágmarki 90 dagar.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fiskeldis Austfjarða hf. og umsögnum umsagnaraðila.

Ástand sjávar og lífríki á hafsbotni

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að Berufjörður er 20 km langur og er breidd hans víðast á bilinu 2-3 km. Flatarmál fjarðarins er áætlað 43 km². Í miðju fjarðarins er dýpið víðast um 50-60 m allt inn undir fjarðarbotn. Breidd fjarðarminnis móti úthafinu er um 5 km og utan fjarðarminnis er 100 m dýpi. Neðansjávarhryggir á dýpi á bilinu 40-45 metrar þvera fjörðinn á þremur stöðum, þ.e. út af Teigartanga, Gautavík og Skálabót. Fjörðurinn telst þó fremur opinn með heildarrúmmál sjávar áætlað um 4 km³.

Fram kemur að tilfærsla eldissvæðanna feli ekki í sér eðlisbreytingu á starfseminni innan Berufjarðar heldur munu ný eldissvæði uppfylla betur kröfur sem gerðar eru um aukið dýpi og halla. Breytt staðsetning kvía muni minnka umhverfisálag og möguleg áhrif á botndýralíf. Færri seiði verði að hámarki alin í firðinum og fóðurnotkun minnki frá því sem nú er. Hvíldartími eldissvæða haldist sá sami þar sem eitt eldissvæði verður hvílt hverju sinni. Botndýralíf hefur verið rannsakað í Berufirði árin 2002¹, 2006², 2012³, 2015⁴ og 2017⁵ og er mjög fjölbreytt, líkt og í öðrum fjörðum á Austurlandi. Botndýralíf Berufjarðar er þó ekki frábrugðið nálægum svæðum.

Í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar segir að í Berufirði er straumhringrás flókin vegna þröskulda sem í honum eru. Dýpstu hlutar fjarðarins, eru nokkurs konar kvosir, sem eru að jafnaði 30 m dýpri en þröskuldarnir. Botnlagi sjávarins í þessum kvosum í innri hluta fjarðarins er hætt við lágum styrk súrefnis síðsumars og fram á haust af þessum sökum. Straummælingar sýna að meðal straumur í Berufirði er frekar veikur sem leiðir af sér endurnýjunartími sjávarins miðdýpis í firðinum

¹ Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson (2004). *Botndýr í Berufirði og Fáskrúðsfirði*. Unnið fyrir SalarIslandica. Náttúrustofa Vestfjarða, 9-04, bls. 16.

² Þorleifur Eiríksson, Böðvar Þórisson & Gunnar Steinn Gunnarsson (2007). *Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði*. Unnið fyrir Salar-Islandica. Náttúrustofa Vestfjarða, 5-07, bls. 81.

³ Erlín Emma Jóhannsdóttir, Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson (2012). *Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði* - Unnið fyrir HB Granda. Náttúrustofa Austurlands & Náttúrustofa Vestfjarða.

⁴ Erlín Emma Jóhannsdóttir & Cristian Gallo (2015). *Botndýrarannsóknir og efnagreiningar á sjó og seti vegna fiskeldis í Berufirði 2015*. Náttúrustofa Austurlands: Neskaupsstað.

⁵ Þorleifur Eiríksson & Guðmudur Víðir Helgason (2018b). *Hryggleysingjar á botni Berufjarða*. RORUM, bls. 24.



er um 20 dagar sem er fremur langur tími en geta má þess að endurnýjunartími Fáskrúðsfjarðar er um 10 dagar. Athuganir á ástandi sjávar í firðinum á ýmsum árstímum sýna að vatnssúlan er nær öll upplönduð að vetrarlagi (febrúar). Að sumarlagi (athuganir frá maí, júlí og september) myndast heitara og ferskara tiltölulega grunnt yfirborðslag í efstu metrum sjávarins, sem síðan blandast upp að hausti. Síðari hluta sumars (júlí til september) fer súrefnisstyrkur neðan 45 metra dýpis lækkanði og mældist í innstu kvos fjarðarins um 16% mettun á 56 metra dýpi. Á öðrum stöðvum í innstu tveimur kvosum fjarðarins mældust einnig lækkuð súrefnisgildi síðsumars. Í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar kemur fram að gert sé ráð fyrir að heildarlífmassi verði aldrei meiri en 10.000 tonn í Berufirði og að nákvæm vöktun á áhrifum eldisins fari fram samhliða því. Slík vöktun yrði forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins, til hækkunar eða lækkunar, sem byggt yrði á raungögnum. Jafnframt er bent á að æskilegt er að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Einnig með tilvísun í að súrefnismagn í firðinum verður mjög lágt að hausti í dýpstu hlutum hans er æskilegt að staðsetja eldissvæði þannig að úrgangur frá eldinu lendi ekki allur í dýpsta hluta fjarðarins, þ.e.a.s. ekki þar sem botndýpi er meira en um 40 metrar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að sú breyting sem fyrirhuguð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér aukin umhverfisáhrif og eigi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að ekki liggi fyrir svæðisskipting burðarþols fyrir Berufjörð. Stofnunin telur að fyrirhuguð breyting muni ekki hafa áhrif á burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar fyrir Berufjörð.

Áhrif á villta laxfiska, laxalús og fiskisjúkdómar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að breytt staðsetning eldissvæða muni ekki hafa miklar breytingar í för með sér varðandi þá áhættuþætti sem snúa að hugsanlegum áhrifum á villta lax- og silungastofna.

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á mikla nálægð milli eldissvæðanna Glímeyrar og Svarthamarsvíkur. Fer stofnunin fram á að hvíld verði að lágmarki 90 dagar á milli tæmingar og útsetningar á svæðunum. Einnig óskar stofnunin eftir að nánari upplýsingum um stærð útsettra seiða. Matvælastofnun telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum verði tekið tillit til umsagnar stofnunarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að meðalþyngd útsettra seiða verði 300 grömm og jafnframt að útsetningaráætlun verði uppfærð í samræmi við umsögn Matvælastofnunar.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að fyrirhuguð breyting muni ekki hafa miklar breytingar í för með sér varðandi þá áhættuþætti sem snúa að hugsanlegum áhrifum á villta lax- og silungastofna.

Áhrif á fugla

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að Berufjarðarströnd, þ.e. ytri hluti strandlengjunnar við utanverðan Berufjörð frá Piljuvallabót innan við Berunes og út að Streitishvarfi er alþjóðlega mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda. Eins er Berufjörður einn fárra vetrardvalastaða duggandar hér á landi og annar helsti vetrardvalarstaður flórgoða hér á landi. Flórgoðar halda m.a. til við Gautavík en þangað er ætlunin að flytja fiskeldið. Í ljósi þess að um er að ræða starfsemi á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði og eins að í upphaflegri matskýrslu var umfjöllun um áhrif á fugla verulega áfátt er það mat Náttúrufræðistofnunar að meta skuli umhverfisáhrif breytinga á fiskeldissvæðum í Berufirði.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að Fiskeldi Austfjarða hafi stundað ítarlega vöktun í Berufirði í samstarfi við RORUM og Náttúrustofu Austurlands, ásamt því að taka þátt í rannsóknaverkefnum sem miða að því að efla þekkingu á lífríki fjarðarins og samspili náttúru og fiskeldis. Fiskeldi Austfjarða tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að mikilvægt sé að vakta fugla á svæðinu og í endurskoðaðri vöktunaráætlun sem verður send til Umhverfisstofnunar verður



vöktun fugla í nálægð við sjókvíar. Vöktun muni tryggja að hægt verði að bregðast hratt og örugglega við komi í ljós óæskilegar breytingar á fuglalífi.

Í viðbótarumsögn Náttúrfraeðistofnunar Íslands kemur fram að eldissvæðið Hamraborg 1 nái til útbreiðslusvæðis straumandanna að vetri til en þær halda til á utanverðri Berufjarðarströndinni á þeim tíma. Duggendurnar hafa einnig haldið sig fremur utarlega. Eldissvæðið í Gautavík er aftur á móti inni á útbreiðslusvæði flórgoðanna, sem halda sig innar í firðinum að vetri til. Nánari upplýsingar um nýtingu þessara tegunda á svæðinu liggja ekki fyrir og í ljósi verndargildis svæðanna er það mat Náttúrfraeðistofnunar að gera þurfi betur grein fyrir henni og meta áhrif fiskeldis, líkt og bent hefur verið á. Þá virðist heldur ekki vera gert ráð fyrir vöktun á fuglalífi í vöktunaráætlun fiskeldisins. Gera má ráð fyrir að áhrif gætu annars vegar falist í truflun/fælingu frá fiskeldissvæðunum vegna umferðar og hávaða en þekkt er að fuglar forðast slíkt. Hins vegar gæti verið um búsvæðatap að ræða. Það sé mat stofnunarinnar að leggja þurfi fram gögn um nýtingu fugla (dreifing og fjöldi) á fyrirhuguðum eldissvæðum árið um kring og í framhaldinu meta gildi svæðanna m.t.t. fuglalífs og meta möguleg áhrif fiskeldisins. Einnig þarf að gera grein fyrir mögulegum fælingaráhrifum. Á grundvelli niðurstöðu matsins þarf að útbúa vöktunaráætlun sem tekur til fuglalífs.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að Fiskeldi Austfjarða hafi í ljósi umsagnar Náttúrfraeðistofnunar Íslands hafið verkefni í samstarfi við RORUM og Náttúrstofu Austfjarða á vöktun á nýtingu fugla, einkum flórgoða, duggandar og Himbrima á Berufirði og Berufjarðarströnd. Vöktunin muni ná yfir vetrartímann, með áherslu á fyrirhuguð fiskeldissvæði í norðanverðum firðinum frá apríl 2021 til mars 2022. Gerð verður grein fyrir öllum fuglum sem sjást og dreifing þeirra afmörkuð á korti hverju sinni til að geta mögulega skilgreint betur mikilvægustu svæðin fyrir þessar tegundir. Megin áhersla er að skilgreina nýtingu fugla að vetri á svæðinu. Í kjölfarið verði fylgst með hugsanlegum áhrifum fiskeldis í sjókvíum á fuglalíf og verður nágreppi sjókvía vaktað með skipulegum hætti. Við reglulegt eftirlit við fiskeldiskvíar í samræmi við gildandi vöktunaráætlun, verður fuglalíf í nágreppi sjókvíasvæða skráð; tegundir fugla, fjöldi einstaklinga og atferli þeirra. Niðurstöður einstakra athuganna verða settar upp á skipulagðan hátt svo að hægt sé að meta hvort einhver leitni sé í viðveru eða atferli einstakra fuglategunda. Verði vart við eitthvað óvenjulegt í fjölda fugla, verður önnur athugun gerð að viku liðinni og aftur eftir tvær vikur. Hafi fuglalíf færst í venjulegt horf á þessum tveimur vikum verður atburðurinn metinn sem einstakur og engar aðgerðir viðhafðar og vöktun haldið áfram samkvæmt vöktunaráætlun. Sé ástand enn óvenjulegt að tveimur vikum liðnum, verður farið í sértækar aðgerðir, eftir eðli atburðarins til að finna orsök hans. Þegar orsök er fundin verða viðeigandi ráðstafanir gerðar. Þegar hugsanleg orsök afbrigðilegrar viðveru fugla er fundin skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vinna bug á vandanum í samráði við Umhverfisstofnun. Eins og fram hefur komið mun rannsókn Fiskeldis Austfjarða á umhverfi fyrirhugaðra fiskeldiskvía í norðanverðum Berufirði standa yfir í eitt ár og mun taka sérstaklega til þeirra atriða sem nefnd eru af Náttúrfraeðistofnun Íslands. Í framhaldinu verður lögð fram endurskoðuð vöktunaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum rannsóknarinnar, en skv. útsetningaráætlun fyrir eldissvæðið í Gautavík er gert ráð fyrir að útsetning eigi sér stað í ágúst 2023.

Menningaminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fiskeldi geti einkum haft áhrif á fornleifar á hafsbotni með tvennum hætti. Annars vegar geta fornleifar raskast vegna festinga kvía við botn og hins vegar kunna fornleifar að hyljast vegna úrgangs sem fellur til botns undir kvíum. Botninn undir eldiskvíum í Berufirði hefur ekki verið skoðaður sérstaklega í leit að minjum. Telja verður nokkrar líkur á að finna megi fornleifar á botni fjarðarins utan við gamla verslunarstaðinn í Gautavík. Stofnunin fer fram á að henni verði kynnt gögn sem kunna að liggja fyrir vegna skönnunar á botninum eða vegna köfunar sem farið hefur fram á svæðinu. Þá óskar stofnunin eftir að teknar verði myndir af þeim stöðum á botninum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og að



stofnuninni verði gefinn kostur á að koma með athugasemdir við staðsetninguna ef einhverjar eru áður en gengið verður frá festingunum. Ef fornleifar koma í ljós við þá athugun er mikilvægt að Minjastofnun sé gert viðvart sbr. lög um menningaminjar og að tilliti verði tekið til fornleifanna.

Fram kemur í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila að Köfunarþjónustan ehf. hafi gert fjölgeislaupmælingu vegna fyrirhugaðrar uppsetningar eldiskvía í og við Gautavík í Berufirði. Mæling sem gerð var í lok október 2020. Samkvæmt þeim gögnum er ekkert sem bendir til að menningarmínjar séu á svæðinu. Komi síðar fram eitthvað sem bendir til að fornleifar séu á sjávarbotni verður Minjastofnun gert viðvart og þeim afhent viðeigandi gögn.

Í frekari viðbrögðum Minjastofnunar kemur fram að stofnunin telur gögnin fullnægjandi viðbrögð við athugasemdum sem fram kom í umsögn Minjastofnunar.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærðar og umgangs framkvæmda og úrgangsmyndunar, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er og álagspols náttúrunnar, þ.m.t. strandsvæða og kjörlenda dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum allt að 20.800 tonna framleiðslu á laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 14. júní 2018. Um er að ræða breytingu á áðurnefndri framkvæmd sem felst í því að breyta staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Berufirði.

Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og gera má ráð fyrir að dreifing úrgangs og uppsöfnun næringarefna verði að einhverju leyti sambærileg því sem gert var ráð fyrir í matsskýrslu. Að mati Skipulagsstofnunar er óvissa um áhrif fyrirhugaðs eldis í Berufirði á súrefnisinnihald við botn og þá sér í lagi í nágrenni eldissvæðis við Glímeyri, þar sem eldissvæðið er staðsett nokkuð innarlega í firðinum og að hluta til innan við þröskuld yfir hvilft. Samkvæmt greinargerð Hafrannsóknastofnunar með burðarþolsmati Berufjarðar er hætt við lágum súrefnisstyrk síðsumars í botnlagi sjávarins innan við þröskulda í innri hluta fjarðarinnar. Því er fyrir hendi möguleiki á að úrgangur safnist upp í botnlagi þar sem vatnsskipti eru takmörkuð og dragi úr styrk súrefnis og valdi auknu álagi á lífríki. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að núverandi eldissvæði við Glímeyri er skipt upp í tvö svæði. Í ljósi þess að Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við áform Fiskeldis Austfjarða að breyttu fyrirkomulagi og telur að breytingin eigi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhuguð breyting hafi umtalsverð áhrif á súrefnisstyrk.



Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna telur Skipulagsstofnun að áhrifa fiskeldis á botndýralíf muni fyrst og fremst gæta undir kvíum og í næsta nágrenni þeirra. Með hliðsjón af reynslu af fiskeldi hérlendis telur Skipulagsstofnun að miklar breytingar verði á botndýralífi undir sjókvíum, sem færast þó líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld verður á uppsöfnun lífrænna leifa eða ef uppsöfnun hættir alfarið. Fiskeldi Austfjarða áformar að hvíla eldissvæði í 9-12 mánuði á milli kynslóða, en gerir ráð fyrir að hann geti verið styttri, að lágmarki 90 dagar. Að mati Skipulagsstofnunar þarf vöktun að leiða í ljós árangur þeirrar hvíldar, en hérlendis eru dæmi um að botn beri einkenni raskaðs ástands eftir níu mánaða hvíld⁶. Telur stofnunin mikilvægt að í starfsleyfi verði skýrt kveðið á um við hvaða umhverfisaðstæður heimilt er að setja út seiði.

Í Berufirði er að finna mikilvæg fuglasvæði, annars vegar er innri hluti fjarðarinn mikilvægur vetrardvalarstaður fyrir flórgoða og ef til vill himbrima og hins vegar er ytri hluti strandlengjunnar við utanverðan fjörðinn mikilvægur vetrardvalarstaður straumandar. Sú breyting sem Fiskeldi Austfjarða áformar varðar fyrst og fremst fyrrnefnda svæðið en flórgoðar halda til í Gautavík þar sem fyrirhugað er að koma fyrir nýju eldissvæði. Í kjölfar umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands lagði framkvæmdaraðili fram áætlun um fuglatalningar í Berufirði með sérstaka áherslu á flórgoða og Gautavík. Fuglaathuganir munu standa yfir í eitt ár áður og á grundvelli þeirra verður lögð fram endurskoðuð vöktunaráætlun áður en til útsetningar kemur í Gautavík. Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun ólíklegt að áhrif fyrirhugaðra breytinga á fugla verði umtalsverð enda er auðvelt að færa eldiskvíar til ef vöktun gefur tilefni til.

Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að við útgáfu starfsleyfis verði tekið mið af framangreindu og kveðið verði á um að útsetning í Gautavík fari ekki fram fyrr en fyrir liggur endurskoðuð vöktunaráætlun að loknum þeim athugunum sem framkvæmdaraðili hefur boðað og að skýrt verði kveðið á um vöktun á fuglum í leyfi.

Tilfærsla eldissvæðanna mun ekki breyta áhrifum fiskeldis á ásýnd frá því sem nú er. Til að mynda munu eldissvæði færast fjær Teigarhorni sem er að hluta friðlýst sem náttúrvætti og sem fólkvangur. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrifin af tilfærslu eldissvæða að teljast minniháttar umfram núverandi áhrif á ásýnd og landslag.

Fyrirhuguð breyting á framkvæmd er ekki líkleg til að auka hættu á slysasleppingum eða auka álag á villta laxfiska vegna laxalúsar eða sjúkdóma.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifa og tímalengdar áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð færsla á eldissvæðum og breyting á útsetningaráætlun komi ekki til með að breyta eiginleikum hugsanlegra umhverfisáhrifa af fiskeldi í Berufirði. Um er að ræða færslu á eldissvæðum og breytta útsetningaráætlun frá fyrri framkvæmd og munu umhverfisáhrif að mestu verða sambærileg.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. júní 2021.

⁶ Cristian Gallo, 2015. *Monitoring of the benthic community in Hlaðseyri 2013-2015*. Náttúrustofa Vestfjarða.



Reykjavík, 28. apríl 2021.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson